

Útlínur fyrir sameinað stéttarfélag SFR og St.Rv.

Inngangur

Á fjölda félagsfunda, morgunverðafunda með félagsmönnum og trúnaðarmanna-/fulltrúaráðsfunda, þar sem umræða og kynning hefur farið fram um hugmyndina um sameiningu SFR og St.Rv, hefur verið óskað eftir útfærslu að nýju félagi ef að sameiningu verður.

Hér að neðan er gerð tilraun til að verða við þessum óskum, en þó með þeim fyrirvara að fullnaðarmótun á nýju félagi fer fram í umræðu við félagsmenn og loka ákvörðunin tekin á aðalfundi nýs félags.

Eftirfarandi útfærsla byggir á sameiginlegum fundi trúnaðar- og fulltrúaráða SFR og St.Rv. sem fram fór 29. maí 2018.

Nafn á nýju stéttarfélagi: Fyrri hluta ársins 2019 fer fram samkeppni meðal félagsmanna um nafn á nýja félaginu. Til bráðabirgða verður nafnið **SFR-St.Rv stéttarfélag** notað. Fjöldi félagsmanna mun verða um 10.300.

Kjarasamningar og réttindi – allir félagsmenn halda sínum félagslegu réttindum sem þeir hafa áunnið sér í sínu stéttarfélagi. Allir félagsmenn halda sínum kjarasamningsbundnu réttindum og verða á sömu kjarasamningum og fyrir sameiningu.

1. Félagsleg uppbygging:

- Við stjórnarkjör verði viðhöfð útskiptaregla og enginn stjórnarmaður getur því setið lengur en 8-12 ár í stjórn.
- Kjörtímabil stjórnarmanna verði 2 til 3 ár.
- Stjórn verði skipuð 11-15 einstaklingum.
- Við stjórnarkjör verði viðhöfð allsherjarkosning.
- Stórt og sterkt trúnaðarmannaráð sem samanstendur af um 300 trúnaðarmönnum. Trúnaðarmaður verður á öllum stofnunum og fyrirtækjum sem eru með 5 félagsmenn eða fleiri. Á stofnunum sem eru 4 eða færri félagmenn verða sameiginlegir trúnaðarmenn fyrir fleiri vinnustaði.
- Fagdeildir verða hluti af félaginu vegna hópa sem hafa sameiginleg fagleg hagsmunarmál.
- Starfandi verður háskóladeild og henni gert kleift að starfa að sínum sérstöku hagsmunamálum.
- Starfrækt verður sterk og fjölmenn lífeyrisdeild með um 1900 félagsmenn.
- Félagmenn á landsbyggðinni fá sambærilega þjónustu og aðrir. Skoðað hvort sérstakur þjónustufulltrúi verði starfandi fyrir landsbyggðina.

2. Sjóðir og eignir:

- Eignir félagssjóðs eru metnar á u.þ.b. 445.000.000 kr.
- Eign í húsnæðinu að Grettisgötu 89 verður 48,21%.
- Eign í Framvegis miðstöð símenntunar verður 56,86%.
- Sterkur og öflugur vinnudeilusjóður með u.þ.b. 1,6 milljarð króna.
- Öflugir starfsmenntunarsjóðir með u.þ.b. 210.000.000 króna úthlutunargetu á ári.
- Allir hafa sama rétt úr Styrktar- og sjúkrasjóði. Skoðað verði hvort hagkvæmara verði að vera með sérstakan Styrktar- og sjúkrasjóð fyrir félagið eða í sameiginlegum Styrktarsjóði BSRB.
- Starfræktir verða Vísindasjóður og Þróunar- og símenntunarsjóður.
- Orlofssjóður með eignir u.þ.b. 1,2 milljarð króna.

Nýtt félag á samtals 67 orlofseignir:

- Akureyri, 3 íbúðir og 3 orlofshús
- Akrasel við Álftavatn, 1 orlofshús
- Akrakot í Reykjaskógi, 1 orlofshús (gælundýr leyfð)
- Arnarstapi, 1 orlofshús (gælundýr leyfð)
- Eiðar – 6 orlofshús
- Hólasel í Biskupstungum, 1 orlofshús (gælundýr leyfð)
- Húsafell, 2 orlofshús
- Munaðarnes, 21 orlofshús
- Norðurás, 1 orlofshús
- Reykjavík, 4 íbúðir
- Selás Borgarfirði, 1 orlofshús
- Skorradalur, 1 orlofshús
- Spánn, 1 hús og 1 íbúð
- Úlflijótsvatn, 12 orlofshús
- Úthlíð, 1 orlofshús
- Vaðnes, 8 orlofshús

Félagsmönnum mun einnig standa til boða ýmsir orlofskostir s.s. að kaupa gjafakort fyrir Hótel Eddu, Fosshótel, innanlands- og millilandaflug ásamt veiðikorti, útilegukorti og miðum í Hvalfjarðagöngin.

3. Þjónusta og skipulag á skrifstofu:

- Þjónustusvið
 - Þjónustufulltrúar sem annast almenna þjónustu við félagsmenn.
 - Móttaka og svörun fyrirspurna um réttindi félagsmanna.
 - Aðstoð við umsóknir í sjóði og orlofshús.
 - Sérstök verkefni sem snúa að afgreiðslu úr sjóðum félagsins.
- Kjara- og réttindasvið
 - Kemur að gerð kjarasamninga, starfsmats og stofnanasamninga.
 - Svarar sértækum spurningum um kjarasamninga og önnur starfsréttindi.
 - Heldur utan um kjara- og efnahagsrannsóknir.
- Fræðslu- og upplýsingasvið
 - Annast vefsíðu, facebook og aðra rafræna miðla félagsins.
 - Heldur utan um útgefið efni af hálfu félagsins s.s blöð, bæklinga og önnur upplýsingarit.
 - Skipuleggur fræðslu fyrir félagsmenn sem félagið stendur fyrir s.s. Gott að vita auk sértækrar fræðslu fyrir trúnaðarmenn.
- Fjármála- og bókhaldssvið
 - Hefur umsjón með fjármálum sjóða félagsins og gerir fjárhagsáætlanir.
 - Sér um bókhald og gerir ársreikning.
 - Heldur utan um launagreiðslur og greiðslu reikninga.
- Lögfræði- og réttindasvið
 - Til skoðunar að stofna sérstakt lögfræði- og réttindasvið og ráða lögfræðing til félagsins.
 - Lögfræðileg vinna fyrir félagið og lögfræðileg ráðgjöf vegna vinnuréttarmála félagsmanna.